

Verklagsreglur fyrir leikskóladeildir Þingeyjarsveitar

Leikskólinn starfar samkvæmt skólastefnu Þingeyjarsveitar og eftir lögum um leikskóla nr.90/2008 og reglugerðum nr. 655/2009 og 584/2010.

Umsókn og innritun:

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er lögheimili í Þingeyjarsveit. Ef sótt er um vistun barns frá öðru sveitarfélagi þarf foreldri að framvísa skriflegri yfirlýsingu lögheimilissveitarfélags um að það ábyrgist greiðslu fyrir barnið sbr. reglur Þingeyjarsveitar um leikskólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Sótt er um leikskóladvöl á vef Þingeyjarsveitar. Umsóknareyðublöð um leikskóladvöl má finna á heimasíðum leikskólanna. Innritun barna fer að jafnaði fram á tímabilinu águst – september. Mögulegt er þó að taka inn börn á öðrum tímum árs ef aðstæður leyfa.

Sýna þarf fram á brýna þörf fyrir vistun barns ef taka skal á móti því í skammtímavistun. Í þeim tilfellum er úthlutun leikskóladvöldar háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að unnt sé að taka við börnum tímabundið.

Heimilt er að sækja um leikskólavist hvenær sem er eftir fæðingu barns. Barn er að öllu jöfnu ekki tekið inn í leikskóla fyrr en það hefur náð 12 mánaða aldri. Umsóknir raðast á biðlista eftir kennitolum barna, þau elstu fyrst. Innritun er alfarið í höndum stjórnenda leikskóla þar sem aðstæður í leikskólanum ráða því hvenær leikskólaganga getur hafist.

Hægt er að sækja um forgang fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Sótt er um forgang til stjórnanda viðkomandi leikskóla. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila, eða félagsþjónustu skal fylgja með umsókn um forgang. Ef forgangur er samþykktur fer viðkomandi barn fram fyrir önnur börn sem bíða eftir leikskólavist. Hægt er að sækja um forgang vegna eftirtalinna aðstæðna:

- Börn með sérþarfir. Liggja þarf fyrir mat frá sérfræðingum, s.s. sálfræðingum eða barnalæknum um sérstaka þörf fyrir leikskóladvöl.
- Börn af erlendu bergi brotin og/eða tvítyngd börn.
- Börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður.
- Börn einstæðra foreldra.

Starfsfólk leikskóla getur sótt um forgang fyrir sín börn á leikskóla. Fjallað er um slíkar umsóknir í fræðslu- og velferðarnefnd.

Gjaldskrá og vistunartími:

Gjaldskrá leikskóla er endurskoðuð árlega og tekur sveitarstjórn ákvörðun um breytingar á henni. Breytingar á gjaldskrá taka gildi 1. janúar ár hvert. Upplýsingar um gjaldskrá og fæðisgjöld má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Dvalargjöld eru greidd eftir á og er eindagi 20. næsta mánaðar. Þannig er t.d. eindagi dvalargjalda fyrir apríl þann 20. maí.

Leikskólinn er opinn í að hámarki 8,5 klst. á dag mánudaga til föstudaga. Stjórnendur leikskólanna útfæra opnunartíma miðað við aðstæður í hverjum leikskóla.

Skólarnir setja sér öryggisviðmið vegna lágmarksmönnunar. Markmið með viðmiðunum er að tryggja öryggi og námsaðstæður barna og starfsumhverfi starfsmanna. Um neyðarráðstöfun er að ræða ef senda þarf börn heim af leikskólanum. Ef upp koma þær aðstæður í skólum, vegna fjarveru starfsmanna, að ábyrgð þeirra starfsmanna sem eru í skólanum er það mikil að stjórnendur telji öryggi barna ekki tryggt, þá skal grípa til aðgerða samkvæmt öryggisviðmiðum hvers leikskóla.

Vistunartími er seldom út í heilum og hálfum tínum með möguleika á stundarfjórðungs viðbót í byrjun eða lok dags. Aldrei er greitt fyrir minni vistun en 16 tíma á viku og mælst er til þess að sá tími nái yfir samliggjandi daga.

Ef óskað er eftir breytingu á vistunartíma barna skal sótt um það skriflega hjá skólastjóra eða deildarstjóra sem þá reyna að koma til móts við þarfir foreldra og barna.

Foreldrum er skylt að virða þann tíma sem barninu er úthlutað. Barn á ekki að vera komið í umsjón starfsfólks fyrr en vistunartími þess hefst og skal vera komið úr umsjón starfsfólks þegar vistunartíma þess lýkur. Við komu skal barni fylgt til starfsfólks og starfsfólk látið vita þegar barnið er sótt. Foreldrum ber að tilkynna ef barnið er fjarverandi, t.d. vegna veikinda eða af öðrum ástæðum.

Ef aðrir en foreldrar/forráðamenn og þeir sem eru skráðir sem tengiliðir á neyðarkortum, munu sækja barn í leikskólann skulu foreldrar láta starfsfólk vita. Starfsfólk er óheimilt að afhenda barn í hendur aðila sem er yngri en 12 ára.

Leikskólinn er lokaður í 5 vikur vegna sumarleyfa. Leikskólunum er heimilt að taka hluta þessa tíma á öðrum árstíma, t.d. sem vetrarfrí.

Leikskólinn er lokaður á skipulagsdögum leikskólans sem eru að lágmarki fjórir á hverju starfsári en fjöldi þeirra hverju sinni kemur fram á skóladagatali. Á skipulagsdögum er starfið undirbúið og endurmetið eða starfsfólk sækir námskeið.

Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársdag.

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna langvarandi veikinda sem vara í a.m.k. fjórar vikur samfellt geta foreldrar sótt um afslátt af leikskólagjöldum. Sótt skal um slíkt til fræðslu- og velferðarnefndar.

Segja skal upp leikskóladvöl skriflega. Uppsagnarfrestur er tveir mánuðir og miðast við 1. og/eða 15. hvers mánaðar.

Annað:

Starfsfólk leikskóla Þingeyjarsveitar er bundið þagnarskyldu. Þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum hjá Þingeyjarsveit. Undantekning á þagnarskyldu er þó samkvæmt fjórða kafla, 17. greinar Barnaverndarlaga. Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framar ákvæðum laga eða síðareglna um þagnarskyldu starfsstéttu.

Börn eru slysatryggð í leikskólanum.

Leikskólar Þingeyjarsveitar, ásamt útvistarsvæðum og bílastæðum, eru tóbaks- og vímuefnalaus vinnustaður. Þetta gildir einnig um rafrettur.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara verklagsreglna eða annarra mála, má vísa málum til fræðslu- og velferðarnefndar.

Samþykkt af fræðslu- og velferðarnefnd á 11. fundi þann 14.júní 2023.
Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar á 30. fundi þann 6. Júlí 2023.